

# Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2021

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, á fundi hjá ríkissáttasemjara vegna álversstarfsfólks.

## Kjaramál

# Áfram fundað hjá ríkissáttasemjara

**Samninganefndir AFLs/RSÍ og Alcoa Fjarðaáls héldu sinn þriðja fund hjá ríkissáttasemjara í byrjun vikunnar. Formaður AFLs segir stöðuna í viðræðunum erfiða. Unnið er að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar á fjölda vinnustaða.**

AFL og Rafiðnaðarsambandið vísuðu kjaradeilunni við Alcoa Fjarðaál til ríkissáttasemjara skömmu fyrir jól eftir að slitnað hafði upp úr viðræðum. Skömmu áður hafði borist úrskurður Félagsdóms, fyrirtækinu í hag, um orlofsréttindi. Það mál fór af stað skömmu eftir að viðræðurnar hófust síðasta vor og voru deiluaðilar sammála um að vísa málinu í dóminn og hlíta úrskurði hans.

Fyrsti fundurinn undir leiðsögn sáttasemjara var haldinn fyrstu viku í janúar en viku síðar kom sáttasemjari austur og hélt fund á Egilsstöðum. Var það í fyrsta sinn

í áratugi sem haldinn er fundur á vegum ríkissáttasemjara utan höfuðborgarinnar.

### Reyna áfram

Í byrjun vikunnar var svo þriðji fundurinn haldinn í fjarfundi. „Þetta var stöðufundur þar sem framhaldinu var velt upp. Staðan er mjög erfið. Það er langt á milli okkar,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs.

Deilan hefur fyrst og fremst snúist um styttingu vinnutíma og kauphækkanir en fleiri mál flækja einnig stöðuna. Ekki var búið að boða nýjan fund þegar blaðið fór í prentun. „Þótt staðan sé snúin ætluð við að reyna að halda viðræðum áfram og reyna að þokast í átt að samkomulagi,“ segir Hjördís Þóra. Eldri samningar runnu út í lok febrúar í fyrra.

### Allt fast í viðræðum sjómanna

Af öðrum samningum er það að fréttu að samningar sjómanna runnu út 1. desember 2019. „Það er ekkert að gerast í þeim viðræðum og ég hugsa að það styttist í að honum verði vísað til sáttasemjara,“ segir Hjördís Þóra.

Þá eru í gangi viðræður við ríkisstofnanir að færa alla félagsmenn inn í launatöflur nýrra stofnanasamninga sem gerðir voru á síðasta ári. Búið er að ganga frá samkomulagi við Menntaskólann á Egilsstöðum, viðræður eru hafnar við Heilbrigðisstofnun Austurlands og að hefjast við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. AFL semur beint við þessar þrjár stofnanir en er síðan í samfloti með öðrum félögum um stofnanir eins og Skógræktina, Vegagerðina og Vatnajökulspjóðgarð.

Þá stendur víða yfir vinna við styttingu vinnutíma samkvæmt nýjum kjarasamningum. Styttingin kom til framkvæmdar hjá dagvinnufólki hjá ríki og sveitarfélögum um áramótin en tekur gildi hjá starfsfólki í vaktavinnu þann 1. maí. Hjá dagvinnufólki getur vinnuvikan styst úr 40 klukkustundum allt niður í 36 stundir en hjá vaktavinnufólki enn meira því vægi vaktanna er mismikið eftir því hvenær sólarhrings þær eru.

„Þetta er umfangsmikil breyting á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks. Á hverjum vinnustað eru umbótasamtöl milli stjórnenda og starfsfólks þar sem farið er yfir mannaflapörf og fleira,“ segir Hjördís Þóra.

Hún kveðst ekki hafa upplýsingar um niðurstöður hjá dagvinnufólkinu „Ég er bara komin með niðurstöðu úr einu sveitarfélagi. Því er erfitt að leggja mat á árangurinn eins og er.“

# Starfshlutfall skert hjá fimmtungi félagsfólks

**Starfshlutfall var lækkað hjá 22% félagsmanna í AFLi á síðasta ári. Meira en þriðjungur þeirra sem voru án atvinnu einhvern hluta ársins röktu það beint til Covid-19 faraldursins.**

Þetta er meðal þess sem fram kemur í kjarakönnun AFLs sem Gallup gerði fyrir félagið. Áhrif faraldursins á hagi félagsmanna var meðal þess sem þar var kannað.

Spurt var hvort félagar hefðu orðið fyrir skerðingu á starfskjörum, svo sem lækun starfshlutfalls, yfirvinnubanni eða skerðingu á yfirvinnutíma, skerðingum á ferðum, hlunnindum, þjálfun, bónusum eða grunnlaunum, breytingu á ráðningarformi eða verið beðnir um að taka launalaust leyfi.

Meirihlutinn eða 58,2%, hafði ekki orðið fyrir neinu af þessu. Flestir, eða 22,5% höfðu fengið skert starfshlutfall, 14% höfðu lent í takmörkunum á yfirvinnu, 7,8% hafði verið sagt upp og um 18% orðið fyrir öðrum skerðingum. Þá höfðu 2% tekið launalaust leyfi, 1,6% urðu fyrir skerðingum grunnlauna

og hjá 1% hafði fastráðningu verið breytt í verktöku.

## Mikil áhrif á þjónustustörf

Þegar þessi svör eru greind nánar koma áhrif ferðapjónustunnar á heildarsvörin berlega í ljós, en starfshlutfall 79% félagsmanna í gisti- og veitingaþjónustu hafði verið lækkað. Þá hafði 27% hópsins verið sagt upp.

Faraldurinn hafði áhrif á fleiri greinar. Meira en þriðjungur þeirra sem starfa innan byggingageirans, í vélaviðgerðum eða verslun fór í lækkað starfshlutfall. Meira en fjórðungur framleiðslustarfsfólks sætti yfirvinnubanni.

Áhrifin eru einnig misjöfn eftir tekjuhópum. Starfshlutfall þeirra tekjulægri var skert en hinum tekjuhærri bannað að vinna yfirvinnu. Þá var konum mun frekar bannað að vinna yfirvinnu, 22% gegn 7%, en hlutfallið er nokkuð jafnt milli kynjanna, 22-23%, þegar horft er til skerðingar starfshlutfalls.

Í könnuninni birtist einnig að mismunandi leiðir eru farnar milli staða. Starfshlutfall aðeins 6%

Vopnfirðinga og Norðfirðinga var skert meðan hlutfallið er 16-28% annars staðar en fer þó upp í 43% í dreifbýli.


## Atvinnuleysi rakið til veirunnar

Um 80% svarenda sögðust hafa verið í launuðu starfi allt árið. Af þeim 20% sem voru það ekki svöruðu 13% af þeim hefðu þó verið nær allt árið í launuðu starfi. Þessi fimmtungur var spurður sérstaklega hvort hann

rekti það til faraldursins að hafa ekki verið á launum allt árið og svöruðu 35,7% því játandi.

Þar var hlutfallið áberandi hæst í gisti- og veitingaþjónustu, þar sögðu 88% svarenda faraldurinn ástæðuna fyrir að þeir hefðu ekki verið í fullu starfi allt árið. Faraldurinn kom harðar niður á fólki í hlutastarfi og tekjulægri hópum og þá sögðu 52% svarenda á Höfn, sem ekki unnu allt árið, það hafa verið vegna faraldursins.

Hlutfall þeirra sem urðu atvinnulausir á árinu 2020 vegna Covid-19 faraldursins



## Engir sjómenn í fjarvinnu

**Tæp 15% félagsmanna í AFLi unnu fjarvinnu á fyrsta hálfu árinu eftir að Covid-19 faraldurinn brast á. Möguleikarnir til fjarvinnu eru afar misjafnir milli starfsstétta.**

Þetta kemur fram í launakönnun AFLs sem gerð var í október og nóvember en úrvinnslu niðurstaðnanna er nýlökkið. Þar var spurt hvort félagar hefðu unnið fjarvinnu vegna faraldursins á síðastliðnum sex mánuðum.

Alls höfðu 14,7% unnið einhverja fjarvinnu. Algengast var

að sérfræðingar og skrifstofufólk hefði unnið fjarvinnu, úr þeim hópi höfðu 55% svarenda unnið heiman frá sér. Þá hafði 19% félaga í fræðslustarfsemi unnið að heiman og 14% starfsfólks í sölu og þjónustu. Fáir þeirra sem starfa í iðnaði, ræstingum eða tækjastörfum höfðu unnið heiman frá sér og þá hafði enginn svarenda úr stétt sjómanna unnið fjarvinnu!

Talsverður munur er eftir tekjum og menntun hvort fólk hafi unnið í fjarvinnu. Þannig höfðu 25% þeirra sem hafa lokið við meira nám en

framhaldsskóla unnið heiman frá sér samanborið við 5% þeirra sem aðeins höfðu lokið grunnskólaprófi. 19% þeirra sem voru með yfir 600.000 í mánaðarlaun höfðu unnið fjarvinnu en 12% þeirra sem voru með innan við 400.000. Eins hafði 19% karla unnið fjarvinnu samanborið við 11% kvenna.

## Viðbrögð við faraldurinn hæfileg

Í könnuninni var einnig spurt út í viðbrögð vinnustaða við faraldurinn. 13,1% taldi viðbrögðin of mikil, 9,1%

of lítil en 77,4% mat þau hæfileg. Starfsmenn í skólum og þjónustu eða afgangslustörfum voru þeir sem helst töldu þau of lítil. Starfsmenn í iðnaði voru helst þeir sem töldu viðbrögðin hafa gengið of langt, þar töldu 23% þau hafa verið yfirdrifin.

Nokkur munur var eftir búsetu, þannig taldi 26% Eskfirðinga viðbrögðin of mikil og um 20% Norðfirðinga og Reyðfirðinga. Minni munur var á hvort viðbrögðin væru talin of lítil, þó töldu 15% Vopnfirðinga þau of lítil en aðeins 5% Egilsstaðabúa.

## Auknar sóttvarnir verða varanlegar

**Félagar í AFLi telja að auknar sóttvarnir, sem innleiddar hafa verið vegna Covid-19 faraldursins, séu komnar til að vera. Þeir vænta þess að samskipti fólks færast að öðru leyti í fyrra form þegar böndum hefur verið komið á faraldurinn.**

Þetta er meðal þess sem fram kemur í árlegri könnun AFLs sem Gallup gerði fyrir félagið. Faraldurinn setur sterkan svip á könnunina en þar er meðal annars spurt hvort fólk sjái

fyrir sér að breytingar sem orðið hafa verði varanlegar.

Um 2/3 svarenda býst við því að auknið hreinlæti og sóttvarnir séu komnar til að vera. Þetta þarf ekki að koma á óvart enda hafa landlæknir og fleiri bent á að mun minna sé um ýmsar pestir, svo sem öndunarfarasýkingar og niðurgangspesir en venjulega. Þá hafi notkun sýklalyfja einnig minnkað. Einhverjir atvinnurekendur hafa sagt veikindadaga vera færri.

Félagar í AFLi vænta þess hins vegar að samskipti fólks færast að mestu leyti í fyrra horf þegar kórónaveiran verður beislud. 82,4% telja færri ferðalög til útlanda vera tímabundin. Athygli vekur þó að meðal þess hóps sem harðast hefur farið út úr minni ferðalögum, starfsmanna í gisti- og veitingaþjónustu, telja 27% að færri utanlandsferðir séu varanlegar, þar af 17% að það muni alls ekki breytast til baka. Þá virðist yngra fólk frekar á því að breytingarnar séu komnar

til að vera en það eldra.

84,5% telja minni aðsókn á ýmsar samkomur varanlega og 77% reikna með að fólki dragi almennt úr persónulegum samskiptum.

Þá telja 40% aðspurða að aukin vinna frá heimili sé komin til að vera. Þar er mikill munur á starfsstéttum, yfir 60% þeirra sem vinna við skrifstofu- eða sérfræðistörf telja fjarvinnuna verða varanlega.

# Meðallaunin 630.000

Meðalheildarlaun félaga í AFLi voru 629.267 krónur á síðasta ári og hækkuðu um einar tíu þúsund krónur á milli ára.

Þetta er meðal þess sem lesa má út úr kjarakönnun sem Gallup gerði fyrir félagið í október og nóvember í fyrra en niðurstöður könnunarinnar voru ræddar á stjórnarfundum AFLs á mánudag.

Samkvæmt könnuninni voru um 46,5% þeirra sem svöruðu könnuninni með 600.000 krónur eða meira í heildarlaun, 14% með 400 þúsund eða minna, 23,3% voru með 400-500 þúsund og 16,3% 500-600 þúsund. Í sömu könnun í fyrra voru meðalheildarlaun 619 þúsund.

Sjómenn voru með hæstu meðallaunin, rúma milljón á mánuði en lægst voru þau hjá ófaglærðu starfsfólki skóla, innan við 400.000. Í þeim hópi lækkar meðaltalið um 17 þúsund milli ára. Meðallaun tækjastjórnenda hækka mest, um rúm 100 þúsund og eru 755 þúsund eftir árið. Mesta lækkanin, tæp 30 þúsund, er hjá starfsfólki í þjónustu-, verslunar- og afgreiðslustörfum.

Nokkur munur er á heildarlaunum eftir hvar fólk býr. Hæst eru þau í Neskaupstað, yfir 850 þúsund enda hækka meðaltalið þar um tæp 300 þúsund. Aðrir staðir eru töluvert jafnari. Mest lækka launin á Vopnafirði, um 140 þúsund. Heildarlaun karla eru hærri en heildarlaun kvenna, 716 þúsund á móti 521 þúsund.

Langflestir svarenda eru með einhverja uppbót inni í sínum heildarlaunum, eða um 75% en hlutfallið var 80% árið 2019. Í flestum tilfellum er um að ræða yfirvinnu, 47,6% voru með yfirvinnutíma en 60% voru með slíka tíma í fyrri könnun. Um fimmtungur var með vaktálag eða kaupauka. Af öðrum hlunnindum má nefna fæði, fót, dagpeninga og akstur.

## Dagvinnulaun hækka

Talsverð hækkan er á meðaltali dagvinnulauna, meðaltalið þar er 480 þúsund í nýjustu könnuninni en var 448 þúsund árið 2019. Þau hækka eitthvað hjá nær öllum starfsstéttum nema þeim sem starfa í þjónustu- og afgreiðslustörfum. Þar minnkar munurinn milli kynja verulega, dagvinnulaun karla eru 514 þúsund en 435 þúsund hjá konum.

Þá sögðust 41,3% sátta við sín laun, 28,2% hvorki né en 30,5% ósátt.

Hlutfallið er svipað og í könnunum síðustu ára. Það þarf engan að undra þótt ánægja með launin haldist í hendur við upphæðirnar í launaumslögunum. 53% þeirra sem voru með yfir 600 þúsund krónur sögðust sátta við launin en 30% þeirra sem voru með undir 400.000. Aftur á móti sögðust 52% í lægri hópum ósátt við laun sín samanborið við 20% þess hærri.

## Nýir samningar endurspeglast í dagvinnulaunum

„Langstærstur hluti félagsmanna fékk hækkanir samkvæmt samningum á síðasta ári,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, um þá hækkan dagvinnulauna sem fram kemur í könnuninni. „Það voru gerðir nýir samningar við ríkið og sveitarfélög auk þess sem laun hækkuðu 1.



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs.

apríl samkvæmt þeim samningum sem gerðir voru 2019. Hins vegar hafa félagsmenn sem starfa hjá Alcoa Fjarðaáli ekki fengið nein hækkanir frá 2018 og kjör sjómanna eru öðruvísi uppbyggð.“

Heildarlaun hækka hins vegar minna en dagvinnulaun. Hjördís bendir þar á minnkandi yfirvinnu, eins og fjallað er um á öðrum stað hér í fréttabréfinu. „Vegna Covid-faraldursins hefur dregið úr yfirvinnu hjá stórum hluta félagsmanna og víða hefur hún fallið alveg niður. Þá er hluti okkar fólks á hlutabótum sem getur komið fram í lægri heildarlaunum.“

Þróun launa í september fyrir skatt (Upphæðir í þúsundum króna)		
Ár	Laun	Dagvinnulaun
2011	436	278
2012	468	295
2013	454	308
2014	499	337
2015	520	356
2016	556	377
2017	587	405
2018	595	422
2019	619	448
2020	629	480

# Verkalýðshreyfingin skiptir miklu máli

Hátt í 90% félagsmanna í AFLi telja verkalýðshreyfinguna gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Aukinn áhugi er fyrir að taka þátt í starfi félagsins.

Þetta kemur fram í nýrri könnun sem gerð var meðal félagsmanna. Þar sögðust 86,6% telja verkalýðshreyfinguna gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, þar af 52,7% mjög mikilvægu. Aðeins fleiri telja hana mikilvæga en í fyrra en mikil aukning er á þeim sem telja hana mjög mikilvæga því það hlutfall var 40,5% í fyrra. Aðeins 4,6% svarenda töldu verkalýðshreyfinguna lítilvæga.

90% kvenna töldu hreyfinguna mikilvæga samanborið við 82% karla. Af einstökum starfsstéttum töldu starfsmenn hins opinbera hana mikilvægasta, 97%.

„Þetta endurspeglar kannski aukna umræðu í samfélaginu um misskiptingu. Ég held að fólk sé almennt að átta sig á því að verkalýðshreyfingin er sterkasta vopn alþýðufólks í baráttu við hina ofurríku og endalausau auðsöfnun þeirra og árásir á grundvallarrétt launafólks,“ segir Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs. „Mér hefur fundist áhugi yngra fólks fara vaxandi og nú á síðustu mánuðum höfum við verið að fá inn mikið af nýjum trúnaðarmönnum og venjulega er ekki skortur á einstaklingum sem gefa kost á sér.“

## Ánægja með AFL

Í könnuninni var einnig spurt hvort fólk hefði áhuga á að taka þátt í starfi AFLs. Um 60%, nær sama hlutfall og í fyrra, svöruðu þar

játandi. Sú jákvæðni hefur heldur aukist síðustu fimm ár. Meiri áhugi er meðal tekjulægri einstaklinga fyrir að taka þátt í starfinu en þeirra tekjuhærri. Þá var jákvæðnin mest meðal starfsmanna skóla, 76%. Af einstökum byggðarlögum má nefna að 74% svarenda á Reyðarfirði voru tilbúnir að taka þátt í starfinu og jökst áhuginn þar nokkuð milli ára.

Áhuginn fyrir að taka þátt í starfinu helst nokkuð í hendur við ánægju með félagið almennt. Spurt var bæði hvort AFL hefði staðið sig vel í að berjast fyrir hagsmunum félaga og hvort þeir væru almennt sátta við félagið.

70% aðspurðra töldu félagið standa sig vel í hagsmunabaráttunni, samanborið við 66% í fyrra. Aðeins 8,4% töldu AFL standa sig illa. Tekjulægri einstaklingar voru ánægðari með frammistöðuna en þeir tekjuhærri. Þá var ánægjan

mest á Reyðarfirði, Egilsstöðum og Vopnafirði en minnst á Eskifirði og í Neskaupstað.

76,3% sögðust sátta við félagið, sem er nokkurn veginn sama hlutfall og í fyrra. Ánægjan hefur farið vaxandi undanfarin ár, en nefna má að í könnuninni árið 2011 sögðust 57,8% sátta við AFL.

„Ég held að AFL sem félag, forysta þess og við starfsmenn, getum vel við unað með þessar niðurstöður. Verkalýðshreyfingin hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár og ekki alltaf á jákvæðan hátt – en AFLi virðist hafa gengið vel að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri við félagsmenn og við höfum reynt að veita góða þjónustu. Margt sem verkalýðsfélög gera er umdeilt og samræma þarf fjölda sjónarmiða. Mér sýnist útkoman sýna að það hafi gengið bærilega,“ segir Sverrir að lokum.

## Páskaúthlutun orlofshúsa

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í páskaðvöl í orlofshúsum AFLs Starfsgreinafélags. Boðið verður upp á tvö hús í Klifabotni í Lóni, tvö hús í Ölfusborgum, tvö hús á Illugastöðum í Fnjóskadal og 13 hús á Einarstöðum. Félagið á alls 16 hús á Einarstöðum en tvö hús eru frátekin vegna breytinga og eitt hús verður í þakskiptum.

Þó svo að allt útlit sé fyrir að ný hús félagsins í Grímsnesi verði komin í notkun er ekki opið fyrir umsóknir í þau, enda ekki ennþá



Prettán hús eru í boði á Einarstöðum um páskana. Þar verða þó þrjú hús í framkvæmdum.

búið að ganga frá kaupsamningi. Ef þau verða tilbúin til útleigu – verður páskaðvöl í þau boðin þeim sem

efstir eru á biðlista í úthlutuninni.

Dregið verður úr umsóknum 25. febrúar. Þeir sem ekki hafa fengið

páskaúthlutun síðustu þrjú ár eru í forgangi. Staðfestingargjald er kr. 5.000 og er það óendurkræft. Staðfestingargjaldið þarf að greiða fyrir 3. mars.

Það er rétt að ítreka að staðfestingargjöld eru aldrei endurgreidd. Tilgangur með því að hækka staðfestingargjöld á eftirsóttum tímabilum er að tryggja að fólk bóki sér ekki bústað upp á „von og óvon“.

Sótt er um páskaðvöl á mínum síðum á [www.asa.is](http://www.asa.is)

## Skrifstofa AFLs á Seyðisfirði horfin

Skrifstofa AFLs á Seyðisfirði var í svokallaðri Silfurhöll. Húsið geryðilagðist í skriðu sem féll 18. desember og skrifstofan hvarf með öllum búnaði og gögnum.

Óreglulegur viðverutími hefur verið á skrifstofunni síðustu misseri og hún mest notuð að vetrarlagi þegar Fjarðaheiðin hefur verið illfær. Starfandi gjaldkeri AFLs, Lilja Björk Ívarsdóttir, er búsett á Seyðisfirði en aðalstarfsstöð hennar er á Egilsstöðum.

Fyrstu þrjár vikur ársins hefur Fjarðaheiðin tvisvar verið ófær og Lilja því unnið frá eldhúsbörðinu heima hjá sér. Félagið er nú að tilast um eftir aðstöðu á Seyðisfirði.

Meðal aðgerða sem félagið greip til í upphafi Covid faraldursins var að fjölga fartölvum og þar sem þurfti að endurnýja borðtölvur voru fartölvur keyptar í staðinn. Það hefur komið sér vel í ófærð síðustu daga.



Leifur Silfurballarinnar standa hér upp úr skriðunni.


## Íbúð AFLs á Vopnafirði fær nýtt hlutverk

Í endanum á Austurborg, húsi AFLs við Lónabraut á Vopnafirði, var lítil íbúð sem var í útleigu. Íbúðin hefur staðið auð í nokkur ár og var í mjög slæmu ástandi. Nú hefur allt verið rífið innan úr íbúðinni og verið er að leggja lokahönd á teikningar að

endurnýjun húsnæðisins.

Húsnæðið fær nýtt hlutverk á næstu mánuðum en þar mun sjúkrapjálafari þeirra Vopnfirðinga leigja aðstöðu næstu árin.

Mælifell.chf. sér um framkvæmdir en Mannvit verkfræðistofa sér um hönnunarvinnu.



Frá framkvæmdunum í Austurborg.

## Almenningur andsnúinn sölu á Íslandsbanka

### - Hátekjufólk fylgjandi

Samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi fyrir ASÍ 14. - 22. janúar sl. er meirihluti landsmanna andvígur sölu á Íslandsbanka og meirihluti er fyrir því að breyta bankanum í „samfélagsbanka“. Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði þegar niðurstöður könnunarinnar lágu fyrir: „Ný könnun ASÍ sýnir svart á hvítu að sú vegferð stjórnvalda að selja Íslandsbanka nýtur ekki stuðnings meðal almennings. Salan er keyrð áfram með hraði vegna þess að fjármagnseigendur, með fulltingi fulltrúa sinna á þingi, vilja ljúka henni fyrir kosningar en í þeim kosningum gætu þau öfl misst umboðið til að ráðstafa eignum

almennings. Könnunin sýnir einnig fram á skýran vilja almennings um að ríkið stofni samfélagsbanka. Stjórn málin þurfa að hlusta á þetta ákall.“

Stuðningur við fyrirhugaða sölu Íslandsbanka er mestur meðal tekjuhárra einstaklinga en minnstur í millitekjuflokki.

Hugtakið „samfélagsbanki“ hefur ekki ákveðna skilgreiningu á Íslandi og kemur hvergi fyrir í lögum. Í skilningi flestra á þó hugtakið við um banka sem ekki eru reknir sem hlutafélög til að skapa eigendum hlutafjár arð – heldur banki sem starfar samkvæmt samfélagslegum viðmiðum.

Í því sambandi má minna á að Íslandsbanki á rætur sínar í þremur „samfélagsbönkum“ sem vissulega voru „hlutafélög“ á sínum tíma en voru stofnaðir með samfélagsleg markmið. Það var Alþýðubankinn sem verkalýðshreyfingin stofnaði, Iðnaðarbankinn sem stofnaður var af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum og Verslunarbankinn sem stofnaður var af kaupmönnum.

Þessir þrjár bankar sameinuðust síðan um kaup á Útvegsbankanum og stofnuðu Íslandsbanka árið 1990. Árið 2011 keypti svo hinn „nýi Íslandsbanki“ sparisjóðinn Byr sem varð til með sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs Vélstjóra. Íslandsbanki hefur því



sterkar rætur í „samfélagslegri bankaþjónustu.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ.